

S A M Þ Y K K T I R
f y r i r
hlutafélagið Isavia ohf.

1.0 Heiti félagsins og heimili

1.1 Félagið er opinbert hlutafélag og er nafn þess Isavia ohf.

1.2 Heimili félagsins er á Reykjavíkurlflugvelli, 101 Reykjavík.

1.3 Félagið er stofnað samkvæmt ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra með heimild í lögum nr. 153/2009 um stofnun opinbers hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur og tengda starfsemi o.fl.

1.4 Samkvæmt 5. gr. laga nr. 153/2009 skal félagið taka yfir öll réttindi og allar skuldbindingar yfirteknu félaganna sem kveðið er á um í lögum nr. 102/2006, um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarekstur Flugmálastjórnar Íslands, og lögum nr. 76/2008, um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurlflugvallar o.fl. Yfirtakan veitir ekki samningsaðilum yfirteknu félaganna, sem samruninn kann að varða heimild til uppsagnar fyrirbyggjandi samningssambanda.

2.0 Tilgangur félagsins

2.1. Tilgangur félagsins er;

a) að annast rekstur og uppbyggingu flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. flugumferðarþjónustu, fjarskipta- og leiðsögukerfa og aðra skylda starfsemi,

b) að annast rekstur og uppbyggingu flugvalla, rekstur fasteigna, svo og aðra skylda starfsemi, þar á meðal rekstur, viðhald og uppbyggingu Keflavíkurlflugvallar sem borgaralegs alþjóðaflugvallar auk hagnýtingar flugvallarsvæðisins í þágu öryggis- og varnartengdrar starfsemi og þjóðlegra skuldbindinga ríkisins,

c) að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þ.m.t. rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á flugvallarsvæðinu,

KA J.N.
R.D. J.P.
AS.

d) að annast starfsemi sem er í beinum tengslum við flugrekstur, rekstur flugvalla og flugstöðva og aðra starfsemi sem nauðsynlegt er að sé innan haftasvæðis flugverndar,

e) að fara með réttindi og annast skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykktum, alþjóðasamningum eða samningnum við önnur ríki þar með talið vegna Alþjóðaflugþjónustunnar, í samráði við stjórnvöld.

2.2. Félaginu skal vera heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum, þ.m.t. er heimil þátttaka í félagi sem ætlað er að annast atvinnuuppbyggingu á nærsvæðum Keflavíkurflugvallar. Þá er félaginu heimilt að gera samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt.

3.0 Hlutir, fyrirvar

3.1 Hlutfé félagsins er kr. 5. 589.063.362 (fimmilljarðaáttatíuogníumilljónir sextíu og þrjú þúsund þrjú hundruð sextíu og tvær).

3.2 Eitt atkvæði fylgir hlut ríkisins.

3.3 Fjármála- og efnahagsráðherra fer með hlut íslenska ríkisins í félaginu.

3.4 Við gildistöku samruna opinberu hlutafélaganna Flugstöða og Keflavíkurflugvallar skulu allar eignir og skuldir, réttindi og skuldbindingar opinberu hlutafélaganna, án sérstakra skuldaskila, renna til félagsins, sbr. 1. gr. laga nr. 153/2009.

4.0 Hækkun/lækkun hlutfjár

Heimilt er að hækka hlutfé félagsins með ályktun hluthafafundar. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutfjár.

5.0 Sala og ráðstöfun hluta

Sala hlutfjár ríkisins í félaginu, svo og önnur ráðstöfun þess, er óheimil, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 153/2009.

R. Ö.
AS. J.N.

6.0 Takmörkun ábyrgðar, lánveitingar

6.1 Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

6.2 Félagið má eigi veita lán út á hluti í félaginu.

7.0 Hluthafafundir, boðun o.fl

7.1 Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmæts hluthafafundar.

7.2 Félagsstjórn skal boða til hluthafafundar með tilkynningu til hluthafans í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan jafn sannanlegan hátt. Skal boða stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðendur félagsins á hluthafafund. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Hluthafi getur með skriflegu umboði veitt umboðsmanni heimild til að mæta á hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

7.3 Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara. Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundi.

7.4 Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á hluthafafundi nema þess hafi verið getið í fundarboði, eða með sérstöku samþykki hluthafa.

7.5 Hluthafafundur er lögmætur ef hluthafinn er mættur. Atkvæði hluthafans ræður niðurstöðu máls á hluthafafundi.

8.0 Aðalfundir, aukafundir

8.1 Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júní ár hvert.

8.2 Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara og skal geta fundarefnis í fundarboði. Ákvæði 7. gr. gildir um aðalfund, eftir því sem við á.

8.3 Boða skal fulltrúa fjölmiðla á aðalfund félagsins. Þá er kjörnum alþingismönnum heimilt að sækja aðalfund félagsins og bera fram skriflegar fyrirspurnir.

R.Ö.
A.S.
H.A. J.N.

8.4 Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- a) Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
- b) Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar.
- c) Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðandi.
- d) Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
- e) Starfskjarastefna stjórnar skal tekin fyrir til staðfestingar.
- f) Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðenda.
- g) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni, sem löglega eru upp borin.

8.5 Stjórn félagsins skal boða til aukafundar eftir ákvörðun hennar eða að kröfu kjörinna endurskoðenda eða hluthafans. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Skal boða til aukafundar með minnst sjö daga fyrirvara. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina stjórnvalda samkvæmt lögum um hlutafélög.

9.0 Stjórn félagsins

9.1 Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og fimm til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Skal tryggt við kosningu í stjórn að þar sitji sem næst jafnmargar konur og karlar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

9.2 Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskriftir meirihluta stjórnarmanna skuldbinda félagið.

R. D. J. N.
A. S.

9.3 Stjórnarfundir eru lögmætir ef þrír stjórnarmenn sækja fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála.

9.4 Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

9.5 Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar, boðun varamanna, o.fl. Birta skal starfsreglur stjórnar á vef félagsins.

10.0 Framkvæmdastjóri

10.1 Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans, sbr. þó 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð. Ekki er heimilt að ráða stjórnarmann sem framkvæmdastjóra.

10.2 Stjórnin veitir og framkvæmdastjóra prókúruumboð fyrir félagið. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs, en hafa skal framkvæmdastjóri samráð við stjórn um ráðningu helstu stjórnenda hjá félaginu.

10.3 Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

11.0 Reikningsár og endurskoðun

11.1 Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal á hverju ári semja ársreikning fyrir félagið og skal stjórnin hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund.

11.2 Endurskoðandi félagsins er Ríkisendurskoðun, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

Endurskoðandi skal rannsaka ársreikning félagsins í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti

R.Ö. J.N.
A.S.

er varða rekstur þess og fjárhagsstöðu og er honum jafnan heimill aðgangur að öllum bókom félagsins og skjölum. Endurskoðandi skal hafa lokið endurskoðun ársreiknings eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Ber honum að senda endurskoðaða reikninga til stjórnar félagsins ásamt athugasemdum. Endurskoðaðan ársreikning skal leggja fyrir aðalfund félagsins til samþykktar.

11.3 Birta skal ársreikninga, samstæðureikninga og sex mánaða árshlutareikning félagsins á vef félagsins.

12.0 Breytingar á samþykktum félagsins, slit á félaginu.

12.1 Samþykktum þessum má breyta með samþykki hluthafans á lögætum aðalfundi eða aukafundi.

12.2 Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

13.0 Önnur ákvæði

13.1 Félagið skal birta samþykktir þessar á vef félagsins.

13.2 Um það sem ákvæði laga nr. 153/2009 kveða ekki á um, skal hlíta ákvæðum samþykktu þessara, ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins þann 2. maí 2013.

Í stjórn Isavia ohf.

Þorvaldur Arnason
Ragna Óskarsdóttir
Jón Þorgrímur
Andriey Sveinsdóttir
Ólaf Sveinsson